

AUGLÝSING um hreindýraveiðar árið 2020.

Heimilt er að veiða allt að 1325 hreindýr árið 2020. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda. Veiðitími tarfa er frá 1. ágúst til og með 15. september. Umhverfisstofnun getur, sbr. reglugerð nr. 486/2003 með áorðnum breytingum, að fenginni umsögn Hreindýraráðs, heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí, að því tilskyldu að þeir séu ekki í fylgd með kúm og að þær veiðar trufla ekki kúr og kálfa í sumarreit. Veiðitími kúa er frá 1. ágúst til 20. september. Fyrstu tvær vikur veiðitíma eru veiðimenn eindregið hvattir til að veiða eingöngu geldar kúr.

Óheimilt er að veiða kálfa. Veturgamlir tarfar eru alfríðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Veiðiheimildir árið 2020 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Kúr	Tarfar	Alls
Svæði 1	130	124	254
Svæði 2	191	158	349
Svæði 3	66	23	89
Svæði 4	29	24	53
Svæði 5	58	42	100
Svæði 6	72	63	135
Svæði 7	176	40	216
Svæði 8	43	30	73
Svæði 9	40	16	56
Samtals	805	520	1325

Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimilda.

Veiðisvæðin skiptast þannig eftir sveitarfélögum:

- Svæði 1** Vopnafjarðarhreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, þ.e. Jökuldalur norðan Jökulsár á Brú og Jökulsárhlið, hluti Norðurþings, þ.e. gamli Fjallahreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.
- Svæði 2** Fljótsdalshreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, áður Jökuldalur austan Jökulsár á Brú, Hróarstunga, Fell, Vellir vestan Grímsár og Skriðdalur vestan Grímsár, Geitdalsár, Hrutár og línu úr Hrutárpollum í Hornbrynju.
- Svæði 3** Borgarfjarðarhreppur og Fljótsdalshérað að hluta, þ.e. Hjaltastaðapinghá, Eiðapinghá
- Svæði 4** Seyðisfjörður, Fljótsdalshérað að hluta, þ.e. Vellir austan Grímsár, og Fjarðabyggð að hluta, þ.e. Mjóifjörður.
- Svæði 5** Fjarðabyggð að hluta, þ.e. Eskifjörður, Norðfjörður og Reyðarfjörður.
- Svæði 6** Breiðdalshreppur, hluti Fjarðarbyggðar, þ.e. Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður, hluti Fljótsdalshrepps, þ.e. Skriðdalur austan Grímsár, Geitdalsár, Hrutár og línu úr Hrutárpollum í Hornbrynju.
- Svæði 7** Djúpavogshreppur, áður Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
- Svæði 8** Hornafjörður, – áður Bæjarhreppur og Nesjahreppur (Lón og Nes).
- Svæði 9** Hornafjörður, áður Mýrahreppur og Borgarhafnarhreppur (Mýrar og Suðursveit).

Þrátt fyrir skiptingu veiðiheimilda eftir veiðisvæðum getur Umhverfisstofnun, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, flutt veiðiheimildir milli samliggjandi veiðisvæða þyki sýnt að

hjarðir hafi fært sig milli þessara veiðisvæða eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða nr. 486/2003.

Á veiðisvæði 8 er heimilt að úthluta allt að 23 leyfum af kúaveiði frá 1. til 20. nóvember og á veiðisvæði 9 er heimilt að úthluta allt að 25 dýrum á þessu tímabili til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðunum.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða, nr. 486/2003, er Umhverfisstofnun heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímamann á hverju svæði.

Veiðiheimildir þessar eru auglýstar í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða með áorðnum breytingum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, sbr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 19. febrúar 2020.

A handwritten signature in blue ink, reading "Þurmondur Friðjónsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.A handwritten signature in blue ink, reading "Spítögn Jónsdóttir". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.